



35. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 4. júní 2013, kl. 16:30

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 35. fundar þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 16:30 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 16. maí 2013**
 - b. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 21. maí 2013**
 - c. **Fræðslunefnd frá 21. maí 2013**
 - d. **Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. maí 2013**
2. **Samþykkt um stjórn sveitarfélaga**

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að tekinn yrði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt.

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 16. maí 2013**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías Ari vék af fundi við umræðu á 3. lið fundargerðarinnar. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 21. maí 2013**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Zophonías Ari vék af fundi við umræðu þessarar fundargerðar. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum.
 - c. **Fræðslunefnd frá 21. maí 2013**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Bæjarstjórn samþykkti að vísa fyrsta lið fundargerðarinnar til frekari úrvinnslu í bæjarráði og felur bæjarstjóra að ræða við leikskólastjóra um undirbúning framkvæmda en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.



d. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. maí 2013

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías Ari vék af fundi við umræðu um fyrsta lið fundargerðarinnar. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. Samþykkt um stjórn sveitarfélaga

Bæjarstjórn hélt áfram vinnu við endurskoðun samþykpta sveitarfélagsins sem hófst á 33. fundi bæjarstjórnar. Að því loknu var samþykkt að vísa samþykktum til fyrri umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar.

3. Önnur mál

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri fór yfir tillögu að vinnulagi hagkvæmnisathugunar vegna sameiningar sveitarfélaga Austur Húnavatnssýslu.

Bæjarstjórn samþykkir framkomna tillögu framkvæmdastjóra sveitarfélagana í A-Hún. að Oddur Gunnar Jónsson sérfræðingur hjá KPMG verði ráðinn til að gera úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún. Byggðarsamlag um menningar- og atvinnumál annast umsjón með úttektinni.

Samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)